



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur Skeiða- og Gnúpverjahrepps um laun sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna

1. Laun sveitarstjórnar, formanna og fulltrúa í nefndum á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps skal vera hlutfall af þingfararkaupi alþingismanna. Frá júlí 2021 er þingfararkaup alþingismanna 1.285.411.-
2. Laun sveitarstjórnarfulltrúa
 - a. Grunnlaun:
Sveitarstjórnarfulltrúar 8% (kr. 102.833.-) af viðmiðunarfjárhæð.
 - b. Fundir:
Sveitarstjórnarfulltrúar 3% (kr. 38.562.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.
Varamenn í sveitarstjórn 3% (kr. 38.562.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.

Sæki sveitarstjórnarfulltrúi fundi eða ráðstefnur utan Skeiða- og Gnúpverjahrepps skv. ákvörðun sveitarstjórnar skal greiða 3% (kr. 38.562.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern dag auk ferðakostnaðar.

Greiða skal vegna aksturs á fundi á vegum Skeiða- og Gnúpverjahrepps utan sveitarfélagsins kílómetragjald skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins og skv. útfylltri akstursdagbók.

3. Laun fyrir setu í nefndum
 - a. Formaður skólanefndar fær greitt 5% (kr. 64.271.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.
 - b. Almennir nefndarmenn í skólanefnd fá greitt 2,5% (kr. 32.135.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.
 - c. Formenn nefnda fá greitt 3% (kr. 38.562.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.
 - d. Almennir fulltrúar í nefndum fá greitt 1,5% (kr. 19.281.-) af viðmiðunarfjárhæð fyrir hvern fund.
 - e. Laun til kjörstjórnar skulu ákveðin sérstaklega hverju sinni af sveitarstjórn.

Framangreind viðmiðunarfjárhæð (kr. 1.285.411.-) er þingfararkaup alþingismanna í júlí 2021 og tekur hún breytingum skv. ákvörðun Alþingis um þingfararkaup nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn.

Reglur þessar skulu taka gildi þann 1. júní 2022. Samþykkt í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15.júní 2022.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15.06.2022
F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri*